

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 123/1970. **Útver h/f** (Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Sturlaugi Jónssyni og Co.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1970. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, enda verði honum þá gefinn kostur á að koma að gögnum og vörnum í málinu. Til þrautavara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta mátti höfða fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing í máli þessu í héraði. Hann hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma því málsástæður hans eigi til greina fyrir Hæstarétti, og ber að dæma málið eftir þeim gögnum, sem lágu fyrir héraðsdómi.

Í marz mánuði 1969 seldi stefndi áfrýjanda vélarhluti í skip hans, Margréti, SI 4. Til tryggingar verði vélarhlutanna afhenti Vátryggingafélagið h/f stefnda víxla, er það hafði samþykkt. Víxla þessa greiddi Vátryggingafélagið h/f ekki á gjalddaga, og höfðaði stefndi þá mál á hendur félaginu til greiðslu þeirra, án þess að séð verði, að áfrýjanda hafi verið tilkynnt um málsóknina. Því máli lauk með dómssátt 26. júní 1969. Hinn 27. nóvember 1969 greiddi Vátryggingafélagið kr.

50.000.00 upp í skuld þessa, en frekar hefur félagið ekki greitt. Eins og sakarefni og kröfugerð stefnda er háttað, þykir rétt, að fé þetta komi til frádráttar höfuðstól skuldar áfrýjanda. Ber því að lækka kröfu stefnda á hendur áfrýjanda um þá fjárhæð. Vextir ákveðast 7% ársvextir.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 178.378.00 (228.378.00 ÷ 50.000.00) ásamt 7% ársvöxtum af kr. 228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969 og af kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Sturlaugi Jóns-
sini & Co., kr. 178.378.00 auk 7% ársvaxta af kr.
228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969 og af
kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júní 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí s.l., hefur Kristinn Sigur-
jónsson hæstaréttarlögmaður, Óðinsgötu 4, Reykjavík, höfðað f.
h. Sturlaugs Jónssonar & Co., Vesturgötu 16, Reykjavík, með
stefnu, birtri 29. apríl 1970, gegn Útveri h/f, Siglufirði, til
greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 220.815.00 auk 1% dráttarvaxta
fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 228.378.00 frá 1.
apríl 1969 til 27. nóvember 1969, en af kr. 178.378.00 frá þeim
degi til greiðsludags og af kr. 42.437.00 frá 1. apríl 1970 með 7%
ársvöxtum til greiðsludags. Enn fremur er krafizt málskostnaðar
að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi segir málsatvik vera þau, að í apríl 1969 hafi stefndi,
Útver h/f, fengið varahluti í vél skips síns, Margréti, SI 4, hjá
stefnanda fyrir alls kr. 228.378.00. Sem tryggingu fyrir greiðslu
á úttekt þessari hafi stefnanda verið afhentur víxill að fjárhæð

kr. 300.000.00, samþykktur til greiðslu af Vátryggingafélaginu h/f, með gjalddaga 1. apríl 1969. Vixill þessi skyldi enn fremur tryggja greiðslu á frekari varahlutum, sem þegar höfðu verið pantaðir í skip stefnda, en er kom að gjalddaga víxilsins, og hann fékkst eigi greiddur þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, þá hafi stefnandi stöðvað afhendingu á frekari varahlutum til stefnda. Stefnandi kveðst þá þegar hafa höfðað mál á hendur Vátryggingafélaginu h/f til greiðslu víxilsins með stefnu, útgefinni í júní 1969, og hafi það mál verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og í því gerð dómssátt 27. júní s. á., en málið hafi verið nr. 3483/1969 og hafi sáttin átt að greiðast fyrir 26. júlí 1969. Málskostnaður í því máli hafi verið kr. 32.500.00. Sáttin hafi eigi verið greidd á gjalddaga og hafi þá þann 2. september 1969 verið framkvæmt fjárnám hjá Vátryggingafélaginu h/f í fasteign félagsins. Fjárnámi þessu hafi verið þinglýst 7. nóvember 1969.

Stefnandi segir, að hann hafi beðið um uppboð í uppboðsrétti Reykjavíkur 25. febrúar 1970. Nauðungaruppboð hafi farið fram á eign Vátryggingafélagsins h/f, sem sé II. hæð Borgartúns 1 í Reykjavík, 11. marz 1970, en uppboðsverð hafi eigi hrokkið til greiðslu á skuldinni, þar sem áhvílandi veðskuldir og fjárnám á undan fjárnámi stefnanda hafi numið það háum fjárhæðum, að ekkert hafi komið í hlut stefnanda. Jafnframt segir stefnandi, að Vátryggingafélagið h/f hafi nú verið úrskurðað gjaldþrota með úrskurði, uppkveðnum 13. marz 1970.

Stefnandi segir sér nauðsynlegt að endurvekja hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda með málssókn þessari, þar sem stefnandi hafi mótttekið víxilinn, sem samþykktur var af Vátryggingafélaginu h/f, til tryggingar greiðslu og þeirri augljósu forsendu, að hann fengist greiddur hjá samþykkjanda, enda hafi stefnandi aldrei tekið á móti víxli þessum sem fullnaðar-greiðslu, heldur aðeins sem tryggingu.

Stefnandi upplýsir, að vegna ítrekaðra tilrauna sinna til innheimtu þá hafi 27. nóvember 1969 verið greitt upp í skuldina kr. 50.000.00 af Vátryggingafélaginu h/f. Jafnframt krefst stefnandi þess, að allur kostnaður, sem af innheimtutilraunum hefur orðið, verði greiddur af stefnda, en kostnaður þessi sé: málskostnaður og endurrit fyrir dómssátt, fjárnámskostnaður, kostnaður við fjárnám og þinglýsingu fjárnáms og uppboðsfyrirtektir, samtals kr. 42.437.00.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, þá er málið var þingfest og dómtekið 8. maí s.l., og var stefna þó birt á löglegan

hátt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.800.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni og Eiríki Kristóferssyni skipherra.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregizt, vegna þess að 22. þ. m. var lagt fram bréf frá Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, þar sem hann óskaði eftir, að málið yrði endurupptekið, en krafa hæstaréttarlögmannsins var ekki tekin til greina með úrskurði, uppkveðnum 29. maí s.l.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Sturlaugi Jónssyni & CO., kr. 220.815.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969, en af kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags og af kr. 42.437.00 frá 1. apríl 1970 með 7% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 21.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 128/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Ástþóri Guðnasyni

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt staðar-